Saarilla — Á eyjunum

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í eystri sal Kjarvalsstaða hafa tíu norrænar valkyrjur á sviði textíla haslað athafnasemi sinni völl. Þær hafa kosið að nefna framtakið „Saarilla", sem er finnska og útleggst: Á eyjunum. Heitið er jafnframt leiðarstef sýningarinnar, sem gengur út á að túlka hin ýmsu áhrif, sem eyjar hafa á listakonur af ólíku upplagi. Jafnframt er þetta farandsýning, sem hefst hér, en fer svo á milli norrænna eyja svo sem Færeyja, Borgundarhólms og Álandseyja. Ýmsir opinberir aðilar og menningarsjóðir hafa styrkt framtakið, svo að ekki hefur listafólkið legið á liði sínu hér um lofsverða framtakssemi.


Það eru tvær listakonur frá hverju Norðurlandanna sem eiga verk á sýningunni og fáum við þannig út töluna tíu ef einungis er reiknað með hinum klassísku Norðurlöndum, sem og er í þessu tilviki. Þó sakna ég ósjálfrátt Álandseyja og Færeyja, sem hafa sín sérkenni og eigin þjóðfána.

En að öðru leyti er frelsið og víðsýnið mikið á sýningunni og hún er hin fjölbreyttasta um myndstíla og viðhorf, jafnvel þannig að á stundum eru skilin á milli skúlptúrs og vefnaðar næsta óskýr. Slík hefur þróunin verið á undanförnum árum og hefur vafalítið losað um margar nýjar hugmyndir og er þannig séð af hinu góða. Yfirleitt er allt komið inn í textílfagið, jafnvel hugmyndafræðilega listin, „konseptið", og ég skil þá eiginlega ekki, af hverju hrein málverk og höggmyndir svo og teikningar og vatnslitamyndir, að ógleymdri grafíkinni skuli ekki fá inni á slíkum sýningum jafn stíft og textílkonur sækja inn á svið þessara greina og hreinna myndlistarsýninga yfirleitt. Sjálfur telst ég nefnilega svo íhaldssamur að vilja halda þessu aðgreindu nema í einstaka tilviki. Þó ber ég ótakmarkaða virðingu fyrir textílum og listiðnaði yfirleitt og sæki mjög á sýningar á slíku svo og sérsöfn erlendis. Með merkilegri söfnum, sem ég veit um, er einmitt „Musée des Arts Décoratifs" í París.

Hugmyndin um eitt leiðarstef er prýðilegt, en þrátt fyrir það verður sýningin nokkuð brotin og ósamstæð í því opna formi, sem henni er valið.

Mörg verkanna eru svo sérstæð, að þau hefðu þurft afmarkaðra rými til að njóta sín til fulls — sérstök lýsing á einu verki getur gripið inn í annað og skert áhrif þess og þá einkum, hvað yfirsýn snertir.

Sumar listakonurnar þekkir maður strax frá fyrri norrænum textílsýningum og þannig séð eru verk þeirra engin nýjung hér á landi og ei heldur er bryddað upp á ferskum, úrskerandi nýjungum hér. En hins vegar er í sjálfu sér margt athyglisverðra verka á sýningunni og merkilegt þykir mér, að það er hinn klassíski vefnaður **Nönnu Hertoft** sem mér þykir skila sér einna best við endurtekna skoðun. Vefnaður hennar nýtur sín jafn vel við dagsbirtu sem sérstaka lýsingu að kvöldi, en hið sama verður ekki sagt um öll verkin, sem þurfa sum hver sérstaka lýsingu og stemmningu til að blómstra. Þetta á t.d. við ágætar myndir þeirra **Gun Dalquist** og **Kajsa af Petersen** frá Svíþjóð. Mynd Dalquist, „Enginn er eyland", er einstaklega fallegt verk í blæbrigðaríkum einfaldleika sínum og efnisáferð. Verk **Önnu Þóru Karlsdóttur**, „Himinn og jörð", er fallegt og vel hugsað auk þess að njóta sín ágætlega í góðri dagsbirtu, sem kom mér á óvart vegna þeirrar áherslu, sem lögð er á hnitmiðaða lýsingu. **Sigurlaug Jóhannsdóttir** er hins vegar komin býsna nálægt skúlptúrnum í ávölum sléttum grjóthnullungum, sem hrosshársskúfar standa uppúr. Norsku þátttakendurnir



Nanna Hertoft, „Yfir hafsbrúninni", 1987, 232x265 sm.

hugsa heilmikið í hlutveruleika leiðarstefsins og reyna að bregða upp sérstakri stemmningu í verkum sínum. **Marit Ann Hope** tekur fyrir skil nætur og dags, en **Sidesel C. Karlson** er meira í ævintýrunum í efnislega vel gerðum og litfögrum vefnaði, sem missir flugið í teikningunni. **Agnete Hobin** og **Anna-Liisa Troberg** frá Finnlandi vilja vafalítið skírskota til hreinleika eyjanna í sínum tæru og loftkenndu vefskúlptúrum, en hins vegar vísar **Margarethe Agger** frá Danmörku efalaust til fiskanna í hafinu í hinum skreytikenndu vefum sínum.

Þegar á allt er litið er þetta falleg sýning og lofsvert framtak, en fremur lítið fram yfir það — en fyrir aðeins áratug eða svo hefði hún verið stórviðburður.

Svo fljótt vilja nýjungarnar úreldast í textílum ekki síður en í myndlistum yfirhöfuð . . .

LANGAR ÞIG...



...AÐ EIGNAST ÞENNAN HORNSÓFA?

Komið og sjáið hreint ótrúlegt úrval af gæða leðursófum og leðursófasettum.

Verð frá kr. 98.000.-

Sérpöntunarþjónusta

Bústofn

SMIÐJUVEGI 6, KÓPAVOGI, S: 45670 - 44544